

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umhverfisráðuneytið  
Hugi Ólafsson  
skrifstofustjóri  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. janúar 2011  
2011010023/42-0  
TB  
jgo/tb

**Nýting á köldu vatni úr óskiptu landi við Ingólfssfjall, umsögn**


Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu dags. 24. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Árborgar fyrir hönd Vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar til nýtingar á grunnvatni úr óskiptu landi við Ingólfssfjall.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við nýtingu á grunnvatni við Ingólfssfjall til neyslu. Stofnunin bendir hins vegar á að svæðið er í nálægð við námu þar sem vinnsla hefur m.a. farið fram efst úr Ingólfssfjalli, eins og sveitarféluginu Árborg er fullkunnugt um. Námuvinnsla á svæðinu gæti hugsanlega haft áhrif á grunnvatn á fyrirhuguðu vatnstökusvæði sem væntanlega verður að flokka sem brunnsvæði vegna vatnsverndar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

